

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi tryggingastærðfræðilegar ábendingar veita þér frekari upplýsingar um hagnaðarhlutdeildina sem fjallað er um í Almennu tryggingarskilmálanum fyrir grunnþáttinn. Tryggingastærðfræðilegu ábendingarnar gilda fyrir þættina:

- Ellilífeyrir: Framtíðarlífeyrir Klassík (Altersvorsorge: Zukunftsrente Klassík)
- Ellilífeyrir: Framtíðarlífeyrir Klassík (BasisRente) (Altersvorsorge: Zukunftsrente Klassík (BasisRente))
- Startryggingarskírteini (StartPolice)
- Námstryggingarskírteini Klassík (AusbildungsPolice Klassík)
- Grunnlífeyrir StartUp Klassík (BasisRente StartUpKlassík)
- Eftirlifendalífeyrir Höfuðstóll við andlát (Hinterbliebenenvorsorge Kapital bei Tod)
- Eftirlifendalífeyrir: Eftirlifendalífeyrir fyrir og eftir lífeyrisgreiðslubyrjun, munaðarlausralífeyrir

Með kveðju,

Allianz Lebensversicherungs-AG

Almennt

Stuðlar fyrir hagnaðarhlutana eru reiknaðar út samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingastærðfræðinnar. Þá ákveðum við viðmiðunarvexti 2,25 %. Fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við lífun notum við eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2006 R fyrir karla eða konur“ og fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við andlát eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2008 T fyrir karla eða konur.“

(1) Hagnaðarútreikningur á biðtímanum

Hagnaðarhlutar eru reiknaðir út fyrir hvern þátt fyrir sig.

a) Árlegir hagnaðarhlutar

Árlegur hagnaðarhluti er heildarupphæð úr vaxtahagnaðarhlutanum að frádregnum kostnaði, grunnhagnaðarhlutanum og, ef tryggðar greiðslur fara yfir tiltekna upphæð, úr viðbótarhagnaðarhlutanum. Fyrir bónusinn er ekki veittur neinn viðbótarhagnaðarhluti.

Vaxtahagnaðarhluti

Áætlunarstuðull fyrir vaxtahagnaðarhlutann er bótahöfuðstóllinn, reiknaður til loka liðsins tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs viðmiðunarvöxtum.

Grunnhagnaðarhluti

Áætlunarstuðull fyrir grunnhagnaðarhlutann eru dánarlíkur margarfaldaðar með áhættuhöfuðstól, reiknað til loka liðsins tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs viðmiðunarvöxtum.

Grunnhagnaðarhluti er aðeins veittur í þáttum þar sem reiknuð brottfallsregla er miðuð við andlát.

Í þættinum „Eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun“ er sá hluti eftir-lifendalífeyrisins reiknaður út með

andlátsmiðaðri brottfallsreglu sem fer yfir lágmarksverðgildið. Lágmarksverðgildið er sú hæð ellilífeyrisins sem kæmi fram ef heildarhöfuðstólsgreiðslan væri notuð fyrir ellilífeyri án dánarbóta og eftirlifendalífeyris eftir lífeyrisgreiðslubyrjun.

Viðbótarhagnaðarhluti

Áætlunarstuðull fyrir viðbótarhagnaðarhlutann er bótahöfuðstóllinn, án hlutans sem fellur á bónusinn, reiknað í lok liðsins tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs viðmiðunarvöxtum á úthlutunardeg.

b) Lokahagnaðarhluti

Lokahagnaðarhlutinn er settur saman úr venjulegum lokahagnaðarhluta og viðbótarlokahagnaðarhluta.

Venjuleg hagnaðarhlutdeild

Áætlunarstuðull fyrir venjulegan loka-hagnaðahluta fyrir markaðsaðlögun er bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður til loka liðsins tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs viðmiðunarvöxtum.

Venjulegur lokahagnaðarhluti ber vexti með vaxtaþrósentum sem ákveðnar eru fyrir hvert tryggingarár.

Venjulegum lokahagnaðarhluta er úthlutað

- við samningslok
- eða frá elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslubyrjun, ef á lífeyrisgreiðslutímanum var samið um hagnaðarlífeyri eða samsettan hagnaðar-lífeyri, annars við elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslubyrjun.

Við uppsögn gildir:

Ef yfirstandandi mánaðarverðgildi 10-ára ríkisskuldabréfa á eftirmarkaði er hærra en meðalverðgildi fyrir liðinn samningstíma, mest undanfarin 10 ár, er venjulegi lokahagnaðarhlutinn skertur sem hér segir:

Bótahöfuðstóll samningsins á uppsagnardeg að meðöldum venjulegum lokahagnaðarhluta og viðbótarlokahagnaðarhluta er skertur hlutfallslega á hverjum mánuði biðtímans sem eftir er, þó mest 120 mánuði, um 0,05 faldan mismun yfirstandandandi ávöxtunar á eftirmarkaði og meðalverðgildis liðsins samningstíma. Ef upphæðin sem þannig er reiknuð er hærri en heildarupphæð bótahöfuðstóls og viðbótarlokahagnaðarhluta er mismunarupphæðin greidd sem endurkaupsvirði úr venjulega lokahagnaðarhlutanum. Annars er ekki úthlutað neinu endurkaupsvirði úr venjulega lokahagnaðarhlutanum.

Viðbótarlokahagnaðarhluti

Áætlunarstuðull viðbótarlokahagnaðarhluta er árlegur hagnaðarhluti fyrir tryggingarár úthlutunarinnar.

Viðbótarlokahagnaðarhlutinn bætist við venjulegan lokahagnaðarhlut

- frá síðasta ári biðtímans, í síðasta lagi frá 7. ári biðtímans ef hinn tryggði hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri

- í félagatryggingum frá 7. ári fyrir lok biðtímans ef sá elsti hinna tryggðu hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri
- með námstryggingarskírteini Klassík á síðustu 5 árum biðtímans
- með framtíðarlífeyri Klassík í grunnframfærslu og grunnlífeyri StartUp Klassík ef hinn tryggði hefur náð minnst 60 ára aldri.

bætist við lokahagnaðarhlutann.

Við lok tryggingar innan tryggingarárs er lokahagnaður reiknaður til enda yfirstandandi mánaðar.

c) Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matsvirðisauka

Áætlunarstuðull grunnupphæðar fyrir hlutdeild í matssjóðum er bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður til loka liðins tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs viðmiðunarvöxtum.

Grunnupphæðin ber vexti með vaxtaprósentum sem ákveðnar eru fyrir hvert tryggingarár.

Grunnupphæð er úthlutað

- við ellilífeyrisgreiðslubyrjun

- við samningslok vegna nýtingar höfuðstólsvalréttar eða
- við samningslok frá 7. ári fyrir lok biðtímans ef hinn tryggði hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri
- í félagatryggingum frá 7. ári fyrir lok biðtímans ef sá elsti hinna tryggðu hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri
- í áætlun um menntun barna á síðustu 5 árum biðtímans
- í framtíðarlífeyri Klassík í grunnlífeyri og í grunnlífeyri StartUp Klassík frá 7. ári fyrir lok biðtímans, ef hinn tryggði hefur náð minnst 60 ára aldri

ef matssjóðirnir sem samningnum voru úthlutaðir samkvæmt § 153, tölulið 3 VVG (lög um tryggingasamninga), eru lægri en grunnupphæðin, annars stendur úthlutun upphæðar samkvæmt lögum.

(2) Hagnaðarútreikningur á lífeyrisgreiðslutímanum

Viðbótarlífeyrir

Áætlunarstuðull fyrir árlegan hagnaðarluta er bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður til loka liðins tryggingarárs.

Hagnaðarlífeyrir og samsettur og samanlagður hagnaðarlífeyrir

Heildarlífeyririnn á fyrsta ári lífeyrisgreiðslutímans er reiknaður út á grundvelli fjárvirðis tryggðra greiðslna við lífeyrisgreiðslubyrjun að meðtöldum reiknuðum kostnaði og framtíðargreiðslum (hver fyrir sig metin með sérstaklega tilgreindum tilheyrandi forsendum) og tillit tekið til jafngildisreglunnar.